

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024 - 2025

Leikskólinn Grænatún – Leikur og gleði

Tengsl við námskrá: Góð tengsl eru á milli starfsáætlunar og námskrá leikskólans þar sem einkunnarorð leikskólans eru höfð að leiðarljósi. Í leikskólanum er hver deild er einnig með sína starfsáætlun sem dýpkar enn frekar á starfi hverrar deildar. Helstu áherslur skólans í starfi eru virkt nám barnsins, að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálft.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma skýrt fram í starfsáætluninni. Gagna vegna mats á skólastarfinu var aflað á fjölbreyttan hátt með þeim hagsmunaaðilum sem koma að skólastarfinu. Gerð var stjórnendakönnun sem niðurstöður hafa ekki borist en nýtt voru starfsmannaviðtöl og listar frá menntasviði til að nýta við áætlanir. Eitt af þeim markmiðum sem búið er að setja fyrir næsta skólaár er að auka þátttöku barna í mati á starfi skólans.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk fer á námskeið, fyrirlestra og námsferðir sem nýtast skólastarfinu. Skipulagsdagar eru jafnframt nýttir til símenntunar og námskeið á vegum Kópavogsbæjar. Mikilvægi sí- og endurmenntun fyrir starfsþróun og starfsánægju er ein að forsendum árangursríks skólastarfs.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Innleiðing Réttindaskóla UNICEF er í mjög góðum farvegi og verður tekin með enn fastari tökum þar sem leikskólinn stefnir á viðurkenningu í vor. Áherslur á áframhaldandi þróun á hefðbundnu skólastarfi, á Lubba, Numicon og Vináttuverkefnið ásamt könnunarleik á yngstu deildinni.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Vinna að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Unnið er að því í tengslum við Barnasáttmálann að leggja áherslu á að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að vera gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.

Börn: Í starfi skólans er leitað í smiðjur John Dewey þar sem barnið á að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga „Learning by doing“. Einnig er áhersla lögð á frjálsa leikinn þar sem barnið hefur tækifæri til að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, tekur ákvarðanir og leitar lausna. Þessar aðstæður ýtir undir að barnið öðlist þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.

Starfsfólk: Lögð er áhersla á að starfsfólk hafi tækifæri til að hlúa að sjálfum sér í þágu starfsins, fái tækifæri til að efla sig og styrkja í þeim námsgögnum sem til eru í skólanum ásamt því að nýjum aðferðum.

Foreldrar: Lagt er upp úr góðu samstarfi milli forsjáraðila barna og starfsfólks í Grænatúni með áherslu á gagnkvæma virðingu og opnum samskiptum sem er forsenda fyrir góðri líðan barnanna. Forsjáraðilar eru hvattir til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni og eru ávallt velkomnir í leikskólann.

Annað: Spennandi að fylgjast með framvindu innleiðingar vegna Réttindaskóla UNICEF og stefna þau á viðurkenningu í vor. Bjartsýni og jafnvægi einkennir starfið og horft er björtum augum til skólaársins.